

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 76/1999**

**frá 25. júní 1999**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

I. viðauki við samninginn (Heilbrigði dýra og plantna) var endurnýjaður með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/98 frá 17. júlí 1998<sup>(1)</sup>.

Fella ber allmargar gerðir varðandi EES, sem framkvæmdastjórnin samþykkti frá 1. ágúst 1996 til 3. september 1998 á sviði dýraheilbrigðis, inn í samninginn.

Gerðirnar sem um getur í I. kafla gilda um Ísland þegar það er tekið fram.

Ákvörðun þessi gildir ekki um Liechtenstein.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

I. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Dagsetningar varðandi gildistöku eða framkvæmd gerðanna sem um getur í viðauka við þessa ákvörðun skulu, að því samninginn varðar, lesast sem hér segir:

- ef gildistökudagur eða framkvæmdadagur gerðarinnar fer á undan gildistökudegi þessarar ákvörðunar skal gildistökudagur þessarar ákvörðunar gilda,

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 158, 24.6.1999, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 24.6.1999, bls. 1.

- ef gildistökudagur eða framkvæmdadagur gerðarinnar fer á eftir gildistökudegi þessarar ákvörðunar skal gildistökudagur eða framkvæmdadagur gerðarinnar gilda.

*3. gr.*

Fullgiltur texti lagagerða EB, sem taldar eru upp í viðauka við þessa ákvörðun, á norsku fylgir sem viðauki við norsku útgáfu þessarar ákvörðunar.

Fullgiltur texti lagagerða EB, sem taldar eru upp í viðauka við þessa ákvörðun, á íslensku og gilda um Ísland fylgir sem viðauki við íslensku útgáfu þessarar ákvörðunar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*